

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita þeim fjárstyrk, er starfa við Þjóðleikhúsið og leita sér frekari menntunar í starfi sínu. 7. sept.

232

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Þjóðleikhússtjóri, sem jafnframt er formaður sjóðstjórnar, fulltrúi kjörinn af fastráðnum starfsmönnum, er vinna að listrænum störfum, og þriðji maður kosinn af meðstofnendum sjóðsins, en það teljast þeir vera, sem lagt hafa sjóðnum fé og skráð nöfn sín í stofnskrána fyrir birtingu hennar. Kjör stjórnenda gildir um tvö ár í senn.

5. gr.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjárreiðum hans. Hún skal árlega birta reikninga sjóðsins í Lögbirtingablaði, er þeir hafa verið endurskoðaðir af tveim endurskoðendum, sem fastráðnir starfsmenn leikhússins kjósa til tveggja ára í senn.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og breytingum, er á henni kunna að verða gerðar.

8. gr.

Skipulagsskrána skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

Reykjavík, 20. apríl 1950.

Í bráðabirgðastjórn Menningarsjóðs Þjóðleikhússins

Guðl. Rosinkranz. Arndís Björnsdóttir. Björn Þórðarson.

AUGLÝSING

233

4. nóv.

um breyting á gjaldskrá fyrir vatnsveitufélag Seltirninga, nr. 20 21. janúar 1941.

1. gr. orðist svo:

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu, sem standa á lóð, er liggur að vegi eða opnu svæði, þar sem vatnsæðar liggja, svo og öðrum húsum, er fá vatn leitt úr vatnsveitu félagsins, skal greiða vatnsskatt árlega, er sé 1% — einn af hundraði — af fasteignamatsverði húsanna.

Auk þessa gjalds greiðir húseigandi 10 krónur árlega fyrir hvern vatnskranu utan húss. Þó skal vatnskranu í utan húss þvottahúsi undanþeginn gjaldi þessu.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 4. nóvember 1950.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Hallgrímur Dalberg.